

Ed.

364. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 14. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú fara kosningar fram á tímabilinu frá 15. til 22. júní, og skal þá kjósa eftir kjörskrá, sem samin er í febrúar það sama ár.

2. gr.

Aftan við 2. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:
Heimilt er ráðherra að stytta frest þennan eða fella hann alveg niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk dómsmálaráðherra. Verður skýrt frá tilefni frumvarpsins í framsögu.